

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði frystrar rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1974.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1974:

Vélskelflett rækja.

1. 10 × 4 × 1 lb. blokkfryst	£ 0.91	pr. lb.
2. 24 × 1 lb. blokkfryst	£ 0.93	— —
3. 2 × 5 kg sérfryst	£ 0.93	— —
4. 4 × 2 kg og 5 × 2 sérfryst	£ 0.93	— —
5. 24 × 450 gr sérfryst	£ 0.93	— —
6. 1 × 25 lb.	£ 0.93	— —
7. 15 × 200 gr	£ 0.95	— —
8. Í saltlegi	£ 0.91	— —

Handskelflett rækja.

Í saltlegi	£ 0.98	— —
------------------	--------	-----

Verðbil verður 4% er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu að viðbættu eða fráregnu verðbili.

Viðmiðunarverð er miðað við viðskiptagengi krónu gagnvart sterlingspundi, þ. e. £ = 211.27.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. mars 1974.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson

5. mars 1974.

Nr. 95.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1974.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1974:

Óverkaður saltfiskur

Stórfiskur nr. 1	kr. 118.00
Millifiskur nr. 1	— 114.00
Smáfiskur 40/60 nr. 1	— 110.00
Smáfiskur 60/80 nr. 1	— 96.00

B 21